

Tillaga	Þingmannatillaga um norræna stefnuáætlun um Eystrasalt
Flytjandi	Þingmenn: Anders Eriksson, Camilla Gunell, Simon Holmström, Wille Valve
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærnefndin

A 1924/UHN Þingmannatillaga um norræna stefnuáætlun um Eystrasalt

Þingmennirnir Anders Eriksson, Camilla Gunell, Simon Holmström Wille Valve leggja til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að vinna stefnuáætlun um velferð Eystrasalts

Bakgrunnur

Eystrasaltið hefur lengi verið mikilvægt svæði í norrænu samstarfi. Norrænar stofnanir hafa með virkum hætti stuðlað að auknu samstarfi á milli landanna en einnig við Eystrasaltsríkin og önnur ríki sem beint eða óbeint liggja að hafsvæðinu.

Í marga áratugi hefur verið unnið að áætlunum og stefnum til að bæta ástand Eystrasalts. Þar á meðal má sérstaklega nefna Eystrasaltsáætlun ESB, þar sem áherslan er að bjarga umhverfi hafsins, tengja saman landsvæði og auka velferð.

En þrátt fyrir þessa viðleitni telst Eystrasaltið enn sem eitt óhreinasta vatnasvæði heims.¹ Helstu ógnir um þessar mundir eru ofauðgun, efnasambönd, rusl og minnkandi fiskstofnar. Í kjölfar loftslagsváringar er búist við að vistfræðilegt ástand svæðisins muni versna umtalsvert.²

Setja þarf aukinn kraft í stefnumótunarstarf til að hraða umbótum. Norðurlönd gegna nú sem áður mikilvægu hlutverki í þessu starfi. Auknir möguleikar eru fyrir Norðurlönd að efla innra sem ytra samstarf um Eystrasaltið á þeim vettvangi þar sem norrænna hagsmuna er gætt, svo sem hjá fjármálastofnunum, í rannsóknarverkefnum, á samstarfsvettvangi þjóðþinga, ESB og NATO.

¹ <https://helcom.fi/baltic-sea-trends/holistic-assessments/state-of-the-baltic-sea-2018/reports-and-materials/>

² <https://helcom.fi/baltic-sea-climate-change-fact-sheet-new-publication-shows-latest-scientific-knowledge-on-climate-change-in-the-baltic-sea/>



Málefni norðurslóða hafa verið áberandi innan norræns samstarfs síðustu ár og leggjum við til að það sama skuli gilda um málefni Eystrasalts. Til að leggja grunn að slíkri vinnu leggjum við til að tekin verði upp stefnuáætlun um Eystrasaltið. Í slíkri áætlun yrði lagt útfra hinni hefðbundnu samstarfsáætlun um umhverfis- og loftslagsmál.

Stefnuáætlun um Eystrasaltið myndi hafa að geyma forgangsmál á sviði loftlags- og umhverfismála og varpa ljósi á þær aðgerðir þar sem Norðurlönd gætu látið mest til sín taka. Aðgerðarþættir gætu náð til verkefna sem ætlað er að auka þekkingu, samvinnuverkefna, norrænnar fjármögnunar, samþættingar á sviði hafstjórnunar, þarfarinnar á samræmdri löggjöf og stöðu Norðurlanda gagnvart öðrum ákvörðunaraðilum. Einnig er mikilvægt að stefnuáætlun tæki mið af þeim stórum möguleikum á lífsgæðum, efnahagi og velferð sem bætt hafsskilyrði hafa í för með sér. Eystrasaltið hefur fengið aukið vægi með nýrri stöðu í öryggismálum. Stefnuáætlun um Eystrasaltið myndi nýtast Norðurlöndum við að efla samstarf á sviði umhverfismála, samstarf sem gæti styrkt stjórnámband og leitt til langvarandi vináttu á svæðinu.

Maríuhöfn, 14. september 2022

Anders Eriksson (ÅF)
Camilla Gunell (ÅSD)

Simon Holmström (HI)
Wille Valve (MSÅ)